



Austurvegur 65a - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnun

Borgartúni 21
105 Reykjavík

Selfossi, 8. júlí 2026
2606164HS RS

Efni: Brennsluofn fyrir dýrahæ og -leifar við Árnes - umsögn um tilkynningu um framkvæmd

Þann 12. júní sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðrar uppsetningar á brennsluofni fyrir dýrahæ og -leifar við Árnes í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Fyrirhugað er að setja upp brennsluofn á gámasvæði sveitarfélagsins sem er sunnan við þéttbýlið í Árnesi. Iðnaðarhverfi er í næsta nágrenni við gámasvæðið og fjarlægð í næsta íbúðarhúsnæði um 600 m.

Unnið er að endurskipulagningu lóðarinnar til að afmarka svæði fyrir brennsluofninn og skýli yfir hann, en móttaka dýrahæja mun fara fram á lokuðu vinnusvæði á lóðinni. Hærin fara í þartilgert ílát, sem notað er til að sturta ofan í brennsluofninn. Ráðgert er að geymsla þeirra á svæðinu vari stutt þar sem brenna á hræ 1-3 sinnum í viku eða jafnóðum og þau berast stöðinni. Hver brennsla tekur um 12-14 klst. og getur brennsluofninn afkastað allt að tveimur tonnum á dag.

Brennsluofninn verður í 60-80 m² yfirbyggðu og einangruðu skýli á steyptri plötu, auk þess sem eldsneytisgeymir og annar búnaður sem tengist meðhöndlun og geymslu dýrahæja verður í skýlinu. Brennsluofninn er með tvö hólfi þar sem hræ og leifar eru brennd í aðalhólfinu, en í eftirbrennsluhólfi eru brennd reykös, sem myndast við brennslu dýrahæja, og á að draga úr losun skaðlegra efna frá brennslunni og útblástur verður lyktar- og reyklaus vatnsgufa sem leidd verður út um reyk háf. Í eftirbrennsluhólfinu eru hitaskynjarar sem eiga að tryggja að eftirbrennslan nái tilskyldum lágmarkshita og -tíma til að koma í veg fyrir díoxínmengun frá brennsluofninum.

Áætlað magn ösku sem myndast við brennslu dýraleifa er 15 tonn og ráðgert er að endurnýta hana sem áburð, eftir því sem unnt er, eða senda til förgunar í Kólku brennslustöð. Koldíoxíð (CO₂) mun losna við brennslu á lífrænu efni og í töflu 1 í greinargerð kemur fram áætluð losun annarra efna frá brennsluofni. Ríkjandi vindátt á svæðinu er úr norðaustri sem blæs lykt og annarri mengun frá byggðinni í Árnesi.



Þvottaaðstaða fyrir ílát undir hræ verður á vinnusvæði verða niðurföll frá því tengd við safntank sem hægt er að tengja við ofninn og brenna þann úrgang sem þar safnast fyrir. Ekki hefur verið ákveðið hvernig hreinsun vatns verður háttað, en unnið verður að nánari útfærslu frárennslis í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Vöktun verður á mengunarefnum í útblæstri og í fráveitu í samræmi við ákvæði starfsleyfis.

Díselolía verður notuð til að hita brennsluofn en áætlað er að 100 l af olíu þurfi til að brenna hvert tonn af dýrahæi.

Við mat á helstu umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar voru athuguð áhrif hennar á umhverfispættina loftslag, loftgæði, lyktarmengun, jarðvegur, vatnshlot, landnotkun og ásynd, umferð og hljóðvist. Að teknu tilliti til grunnástands, viðmiða, mögulegra umhverfisáhrifa og mótvægisáðgerða voru áhrif framkvæmdarinnar talin óveruleg á *loftslag, loftgæði, landnotkun og ásynd, umferð og hljóðvist, vistgerðir, gróður og dýralíf*, nokkuð jákvæð á *lyktarmengun*, óbein jákvæð á *grunnvatn* og engin á *jarðveg*.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir. Í umhverfismati kemur fram að umfang starfseminnar sé þess eðlis að ef í ljós kemur að hún sé til mikils ama að þá sé hægt að færa brennsluofn með tiltölulega lítilli fyrirhöfn. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum og vöktun. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin kalli ekki á mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem koma fram í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Rán Sturlaugsdóttir

Rán Sturlaugsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun
Berist til Sigurðar Ásbjörnssonar
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Selfossi, 9. júlí 2026
Tilvísun: 2606837

Efni: Umsögn Matvælastofnunar vegna máls nr. 0746/2026, Brennsluofn fyrir dýrahæ og -leifar við Árnes.

Umsögn þessi varðar áform Skeiða- og Gnúpverjahrepps um að setja upp brennsluofn fyrir dýrahæ og dýraleifar á athafnasvæði sunnan við Árnes. Matvælastofnun vill koma eftirfarandi á framfæri:

Í kafla 3.6 er tilgreint að brunaleifar sem til verða við brennslu dýraleifa verði endurnýttar efir því sem við á, svo sem í áburð. Vakin er athygli á að ösku sem fellur til við brennslu á CAT1 efnis má ekki nota sem áburð. Slíkar leifar verða að vera endurunnar til samræmis við viðeigandi löggjöf eða fargað á viðurkenndum urðunarstað. Í þessu tilliti er vísað í reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis sem innleiðir reglugerðir (ESB) nr. 1069/2009 og nr. 142/2011 í íslenska löggjöf.

Í kafla 3.11 eru talin upp þau leyfi sem afla þarf í tengslum við starfssemina. Vakin er athygli á að skrá þarf starfssemina hjá Matvælastofnun í samræmi við lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Virðingarfyllt
f.h. Matvælastofnunar

Jarle Reiersen,
deildarstjóri AA deildar.

Ulrike Taylor,
sérgreinadýralæknir aukaafurða dýra.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun
b.t. Sigurðar Ásbjörnssonar
Borgartúni 21, 105 Reykjavík

10. júlí 2026
UOS-6241/E.S.F.

Matsskyldufyrirspurn – Brennsluofn fyrir dýrahæ og dýraleifar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 12. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um ofangreinda fyrirspurn um matsskyldu.

Sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahreppur áformar að setja upp brennsluofn fyrir dýrahæ og dýraleifar og er brennslugeta hans allt að 499 tonn/ári. Efni sem fyrirhugað er að brenna fellur í áhættuflokk 1 samkvæmt reglugerð nr. 674/2017.

Umfjöllun Umhverfis- og orkustofnunar

Fram kemur í matsskyldufyrirspurninni að brennsluofninn komi til með að þjónusta allt sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahrepp og að miðað við magntölur sveitarfélagsins hafi árið 2024 fallið til um 115 tonn af dýrahæjum.

Í matsskyldufyrirspurninni kemur einnig fram að um nýjan brennsluofn sé að ræða sem verði búinn eftirbrennsluhólfi þar sem tryggt verði að brennslan nái tilskildum lágmarkshita (850°C) í a.m.k. tvær sekúndur. Þá er gert ráð fyrir að hægt verði að brenna dýrahæ og dýraleifar 1-3 sinnum á viku eða jafnóðum og úrgangi er skilað til brennslu.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að starfsemin verður starfsleyfisskyld skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir en í starfsleyfum fyrir mengandi starfsemi eru m.a. gerðar viðeigandi kröfur um mengunarvarnir og vöktun losunar frá starfseminni.

Niðurstaða

Í samræmi við framangreint og með hliðsjón af umfangi, staðsetningu framkvæmdarinnar og fyrirhuguðum mengunarvörnum telur Umhverfis- og orkustofnun að hún sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

Teymi leyfa og umsagna

Rakel Sæmundsdóttir

Teymi leyfa og umsagna

Minjastofnun Íslands

[Þór Ingólfsson Hjaltalín](#)

Umsögn birt **10.07.2026**

Undirritaður hefur kynnt sér fyrirbyggjandi gögn. Engar þekktar fornleifar eru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði auk þess sem svæðið er mjög raskað af fyrri framkvæmdum.

Minjastofnun gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina.

Með kveðju,

Þór Ingólfsson Hjaltalín



Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartúni 21
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 13. júlí 2026
Málsnúmer: 202606-0029
MH

Efni: Brennsluofn fyrir dýrahæ og dýraleifar á Árnesi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Vísað er til erindis Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar sem barst í gegnum Skipulagsgátt 12. júní 2026 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um matsskyldufyrirspurn vegna fyrirhugaðs brennsluofns fyrir dýrahæ og dýraleifar á Árnesi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Fyrirhugað er að reisa brennsluofn fyrir dýrahæ og dýraleifar á núverandi gámasvæði innan skilgreinds athafnasvæðis sunnan við þéttbýlið á Árnesi. Fram kemur að framkvæmdin verði staðsett innan svæðis sem þegar er nýtt undir móttöku og meðhöndlun úrgangs og aðra atvinnustarfsemi.

Náttúrufræðistofnun fjallar í umsögn þessari eingöngu um þá umhverfispætti sem falla undir verksvið stofnunarinnar, svo sem vistgerðir, fuglalíf og jarðmyndanir. Aðrir matsþættir framkvæmdarinnar eru því ekki til umfjöllunar í umsögninni.

Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar eru á framkvæmdasvæðinu mosamóavist og eyðihraunavist með lágt verndargildi. Framkvæmdasvæðið er jafnframt innan mikilvægs fuglasvæðis Suðurlandsundirlendisins. Svæðið er hvorki innan friðlýsts svæðis né skilgreint sem náttúruminjar á náttúruminjaskrá. Það er hins vegar á Þjórsárhrauni sem rann fyrir um 8.600 árum.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er framkvæmdin, að því er varðar vistgerðir, fuglalíf og jarðmyndanir, ekki líkleg til að hafa umtalsverð áhrif á náttúruverðmæti. Hún er fyrirhuguð innan þegar raskaðs athafnasvæðis og felur hvorki í sér rask á vistgerðum né er líkleg til að hafa umtalsverð áhrif á fuglalíf. Þá telur stofnunin að framkvæmdin feli ekki í sér rask á hraunmyndunum, enda er hraunið á framkvæmdasvæðinu hulið jarðvegi og gróðri og svæðið þegar raskað.

Náttúrufræðistofnun telur því, að því er varðar þá umhverfispætti sem falla undir verksvið stofnunarinnar, að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif sem kalli á mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
Líffræðingur